

International Migration Outlook: SOPEMI

2008 Edition

Summary in Icelandic

Horfur í alþjóðlegum fólksflutningum: SOPEMI útgáfa 2008

Útdráttur á íslensku

Alþjóðlegir fólksflutningar eru meginforgangsmál stefnumótunar í aðildarríkjum OECD. Í skýrslu þessa árs er skilgreind nýleg þróun í mynstri fólksflutninga og stefnumótun þessara ríkja. Í skýrslunni er lögð áhersla á aukið mikilvægi aðflutnings mjög hæfs vinnuafls, tímabundins vinnuafls og námsmanna. Í henni er jafnframt varpað ljósi á aukið flæði fólksflutninga á svæðum frjálsrar farar, einkum í Evrópu. Í skýrslunni er sjónum beint að atvinnuástandi innflytjenda og framlagi þeirra til breytinga á heildaratvinnuástandi í OECD ríkjum. Í skýrslunni er tekin upp sú nýbreytni að nota „stigatöflu“ yfir samþættingu vinnumarkaðar og innflytjenda, sem og greiningu á launamun milli innflytjenda og innfæddra.

Í skýrslunni eru líka kannaðar helstu breytingar sem orðið hafa á stefnumótun í málefnum fólksflutninga, þar á meðal ný lög sem stýra aðflutningi innflytjenda, dvöl og aðgengi að vinnumarkaði. Völdum ráðningum innflytjenda í samræmi við þarfir vinnumarkaðarins er lýst, sem og ráðstöfunum til að auðvelda aðlögun innflytjenda. Alþjóðleg samvinna til að bæta landamæraeftirlit og verjast sveiflukenndum fólksflutningum er skilgreind ítarlega.

Útgáfa 2008 um horfur í alþjóðlegum fólksflutningum sýnir aukningu í flæði fólksflutninga til OECD ...

Hlutfall útlendinga sem kemur löglega til langdvalar (um fjórar milljónir manna) hélt áfram að aukast árið 2006, jókst um u.þ.b. 5% frá árinu 2005 sem er minni aukning en árin á undan. Mikil aukning varð í aðflutningi í Bandaríkjunum, Kóreu og á Spáni. Hlutfallslega varð mest aukning í Portúgal, Svíþjóð, Írlandi og Danmörku en minnkun sérstaklega greinileg í Austurríki og Þýskalandi. Meira en 2,5 milljónir tímabundins erlends vinnuafis fluttu til OECD ríkja en aðflutningur tímabundins vinnuafis eykst hægar en aðflutningur fólks sem kemur til langdvalar.


... greinilega í fólksflutningum fjölskyldna og fólksflutningum vegna atvinnu ...

Fjölskyldur eru áfram mikill meiri hluti innflytjenda til langdvalar, nema í Japan. Fjölskylduflutningar eru enn mikilvægir í Bandaríkjunum (70%) þar sem fyrirkomulag fólksflutninga er sérstaklega sniðið að fjölskyldum – og í Frakklandi (60%) – og þeir eru orðnir áriðandi í Portúgal þar sem fjölskyldumeðlimir nýinnflutts vinnuafis setjast að, margir frá Úkraínu. Fjöldi Evrópuríkja, þar á meðal Ítalía, Írland, Spánn og Bretland, virðist laða að erlent vinnuafli þar sem ein 30-40% innflytjenda til langdvalar setjast að í þessum löndum í atvinnuskyni. Frjálsir fólksflutningar eru hlutfallslega mikilvægir í Evrópu. Í Austurríki, Belgíu, Danmörku og Þýskalandi er næstum helmingshlutfall innflytjenda sem setjast að til langdvalar vegna slíkra flutninga og í Sviss nálægt 70%. Í Frakklandi, á Ítalíu og í Portúgal er hlutfall þessara innflytjenda hins vegar ekki eins hátt (innan við 20%). Í Bretlandi eru störf sem ekki krefjast sérmenntunar unnin af starfskrafti sem hefur komið til landsins vegna frjálsrar farar.

... en fjöldi hælisleitenda dregst áfram saman

Hælisleit í OECD ríkjum dróst saman fjórða árið í röð árið 2006. Bandaríkin tóku við flestum hælisleitendum, 41.000, en Kanada, Frakkland og Þýskaland og Bretland voru í sama flokki með 20-30.000 hælisleitendum. Svíþjóð, Austurríki og Sviss tóku við flestum hælisleitendum miðað við höfðatölu. Mest áriðandi er hælisleit frá Írak ásamt Serbíu og Svartfjallalandi.

Graf I.3. Fólksflutningar til langdvalar flokkaðir eftir aðflutningi, 2006, stöðluð gögn



*Það er vaxandi aðflutningur
alþjóðlegra námsmanna*

Heildarfjöldi alþjóðlegra námsmanna jókst um u.þ.b. 50% frá árinu 2000 til 2005. Bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi varð aukningin um 120.000 námsmenn, í Frakklandi um u.þ.b. 100.000 og Ástralíu tæplega 85.000. Mikil hlutfallsaukning hefur líka orðið í Nýja-Sjálandi, Tékklandi, Japan, Kóreu og Hollandi. Þótt alþjóðlegir námsmenn séu hugsanleg uppspretta mjög menntaðra starfskrafta innan OECD ríkja eru enn engin tölfræðileg gögn til um hlutfall þeirra sem ílendast að námi loknu.


*Í Evrópu eru evrópskir farand-
verkamenn algengastir en utan
Evrópu Asískir farandverkamenn*

Árið 2006 mátti rekja 60% aðflutnings í Evrópu til fólksflutninga innan álfunnar, en tæplega 50% fólksflutninga til OECD ríkja utan Evrópu má rekja til flutninga frá Asíu. Rómansk-amerískur aðflutningur fólks til OECD ríkja utan Evrópu endurspeglar í megindráttum mikinn fjölda mexíkóskra ríkisborgara til Bandaríkjanna. Greinilegt er að vægi rómansk-amerískra fólksflutninga til Portúgals og Spánar hefur aukist. U.þ.b. 85% fólksflutninga frá Norður-Afríku beinast til Evrópu en u.þ.b. 60% fólksflutninga frá Afríku sunnan Sahara beinast til OECD ríkja utan Evrópu. Að sama skapi stefndi Suður-Asía fjórum sinnum fleiri og Austur- og Suðaustur-Asía sex til sjö sinnum fleiri innflytjendum til OECD ríkja utan Evrópu en þeirra sem eru í Evrópu.

*Tæp 11% allra fólksflutninga eru frá
Kína en helmingi færri koma frá
Póllandi og Rúmeníu*

Rekja má 60% allra innflytjenda árið 2006 til 20 helstu upprunarríkjanna með tilliti til aðflutnings, og efst á listanum eru Kína, Pólland og Rúmenía. Í Bólivíu, Rúmeníu og Póllandi hefur orðið mesta aukningin á sex ára tímabili sem lauk árið 2006. Í Tyrklandi, Rússneska sambandsríkinu og á Filippseyjum hefur innflytjendum á hinn bóginn fækkað lítillega frá árinu 2000. Miðað við flutningana síðustu 10 árin kom fram mikil aukning í fólksflutningum frá Þýskalandi og Póllandi til annarra OECD ríkja árið 2006. Aukningin í fólksflutningum frá Þýskalandi er fyrst og fremst til nágrannalandanna, einkum Póllands, Austurríkis, Sviss, Hollands og Danmerkur. Innflutningur fólks frá Póllandi jókst í Svíþjóð, Belgíu, Hollandi, Noregi, Danmörku og Þýskalandi.

Graf I.4a. & graf I.4b.
Breyting á aðflutningi
farandverkamanna eftir
upprunaríki, völdum OECD
ríkjum, 1995-2005 og 2006



Sjötta hluta alls innflytjendastraums til OECD má rekja til straums fólks frá líklegum nýjum OECD aðildarríkjum og nánnum bandalagsríkjum

Í maí 2007 samþykktu OECD ríki að bjóða Eistlandi, Ísrael, Rússlandi, Síle og Slóveníu til óformlegra viðræðna um aðild að samtökunum og buðu Brasilíu, Indlandi, Indónesíu, Kína og Suður-Afríku aukið samstarf, með hugsanlega aðild að markmiði. Sjötta hluta alls innflytjendastraums til OECD árið 2006 stafar af straumi innflytjenda um þessar mundir til OECD frá þessum 10 ríkjum, en aðeins um 10% af heildarfjölda innflytjenda. Um 2 milljónir fyrrum íbúa í Kína og Indlandi búa í OECD ríkjum.

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað um u.þ.b. 18% frá árinu 2000.

Um 12% af heildarmannfjöldanum í OECD ríkjum árið 2006 voru fólki af erlendum uppruna samkvæmt fyrirleggjandi gögnum. Það er aukning um 18% frá árinu 2000. Í nokkrum ríkjum hefur hlutfall innflytjenda af fólksfjöldanum aukist allnokkuð frá árinu 2000, einkum á Írlandi, í Finnlandi, Austurríki og á Spáni.


Í skýrslunni er sjónum beint að framlagi innflytjenda til vinnumarkaðar í OECD ríkjum

Árið 2006 var fólki af erlendum uppruna umtalsvert hlutfall vinnuaflsins og fólks á vinnumarkaði í OECD ríkjum þótt ákveðin frávik séu í gistiríkjunum. Í Finnlandi voru innflytjendur tæplega 3% alls vinnuafls en voru hins vegar 25% eða meira í Ástralíu, Sviss og á Nýja-Sjálandi. Aukningin á hlut innflytjenda í heildarráðningum var einkum athyglisverð á Spáni, Írlandi og Ítalíu.


Í flestum OECD ríkjum hafa innflytjendur, bæði karlar og konur, umtalsvert lægri laun en innfæddir hafa fyrir sambærileg störf ...

Innflytjendur hafa lægri laun en innfæddir annars staðar en í Ástralíu. Laun innflytjenda eru lág miðað við laun innfæddra í Bandaríkjunum – þar sem meðaltekjur innflytjenda eru um 20% lægri en innfæddra og 15% lægri í Hollandi. Launamunur innflytjenda/-innfæddra hefur tilhneigingu til að vera minna en kynbundinn launamunur.

Graf I.6. Ættir útlendinga og fólks af erlendum uppruna í völdum OECD ríkjum, 2006



Graf I.10. Hlutdeild innflytjenda í nettóbreytingum í atvinnumálum, 1996-2002, 1996-2006



... og innflytjendum frá ríkjum utan
OECD er mismunad

Vísbendingar eru um að vinnumarkaðurinn meti mikils þá hæfni og reynslu gistiríkisins sem verður mæld í búsetuárum. Þar að auki hafa innflytjendur frá ríkjum utan OECD umtalsvert lægri tekjur. Aftur á móti hafa innflytjendur sem hafa aðlagast og fengið dvalarleyfi jafnan hærri tekjur.

Í skýrslu þessa árs er sýnt yfirlit yfir
grundvallar- og stofnanauppbyggingu
í stefnumótun varðandi fólksflutninga

Þrátt fyrir litlar breytingar í aðflutningum árin 2006-2007 ákváðu mörg aðildarríki OECD, s.s. Bretland, Frakkland, Rúmenía og Ungverjaland, að koma á grundvallarbreytingum í stefnumótun varðandi fólksflutninga. Sumar þessara laga- eða rekstrarbreytinga boða framhald eða lok ólokinna verkefna, aðrar nýtt frumkvæði (Finland, Japan, Kanada, Noregur, Portúgal og Pólland).

Í tveim sérköflum er fengist við þau
málefni sem eru efst á baugi ...

Í OECD ríkjunum er keppst um að laða að og halda í vel menntað fólk en jafnframt er hörgull á fólki í störf fyrir ófaglærða. Eftirspurn eftir starfskröftum í störf sem ekki krefjast sérmenntunar hefur að hluta verið mætt með innfluttu vinnuafli. Stjórn á innflytjendastraumnum vegna þessara starfa er ögrandi verkefni í OECD ríkjum. Helsta viðfangsefnið er að finna langtímalausn á atvinnumálum ófaglærðra erlendra starfsmanna og aðlögun þeirra í gistiríkinu. Í mörgum OECD ríkjum eru haldin stutt námskeið fyrir þennan hóp innflytjenda. Vaxandi mikilvægi fólksflutninga í stuttan tíma hefur skapað vaxandi og endurnýjaðan áhuga á því hvort fólk fari aftur heim og hvaða áhrif það hefur á þróun sendiríkjanna.

... í fyrri kaflanum er tekist á við
stjórn fólksflutninga vegna vinnu þar
sem ekki eru gerðar miklar kröfur um
sérmenntun

Tilflutningar eru að verða meðal minna menntaðra starfsmanna, bæði með stjórnunni fyrirkomulagi fólksflutninga og óstjórnunum (þ.e. sveiflukenndum) fólksflutningum. Í þessum kafla eru skilgreind ítök og hlutverk lítt menntaðra starfsmanna meðal vinnuafis OECD ríkja, sem og ráðningarstefna vegna þeirra. Mörg ríki búa yfir umtalsverðri reynslu af stjórn á tilflutningum lítt menntaðra starfsmanna, og margt fyrirkomulagið um flutninga fólks til skamms tíma virðist virka vel. Hins vegar bendir stöðugleiki óheimilla flutninga og ólöglegra ráðninga innflytjenda til þess að gildandi stefna sé ekki algjörlega


**Tafla I.13. Meðallaun
innflytjenda samanborið við
laun innfæddra, eftir
upprunaríki og kyni**

Table I.13. Median wage of immigrants relative to the native-born, by country of origin and gender

Host country	Men		Women	
	Born in OECD	Born in OECD (incl. Turkey and Slovenia)	Born in OECD	Born in OECD (incl. Turkey and Slovenia)
Australia	112	112	109	111
Canada	102	102	97	100
Denmark	100	100	96	102
Germany	100	100	98	97
France	100	100	96	102
Sweden	98	100	97	100
Switzerland	98	97	96	97
United States	88	114	81	100
Netherlands	...	89	78	96

Source and Note: See paragraph 1.13.1 for details on the methodology used in the construction of the data.

**Graf II.2. Hlutfall vinnuafis af
erlendum uppruna í störfum
sem krefjast lítillar menntunar,
1995-2006**




fullnægjandi. Nákvæmlega metin eftirspurn á vinnumarkaði með reglulegum hléum gæti reynst fyrsti nauðsynlegi þátturinn í dagskrá fólksflutninga vegna vinnu til þess að tryggja fullnægjandi ákvæði um atvinnuleyfi og um skráningarmöguleika til að fullnægja vinnu- markaðsþörfum gistiríkjanna. Vegna fyrirkomulags fólksflutninga lítt menntaðra starfsmanna sem eru knúnir áfram af atvinnuástandinu og þeirrar staðreyndar að leyfi eru oft bundin tilteknum störfum er möguleiki á misnotkun sem undirstrikar þörfina fyrir nákvæmt eftirlit og rannsóknarstjórn til að tryggja virðingu fyrir réttindum starfsmanna, en líka til að sjá atvinnurekendum fyrir hvata til að virða lögmæti. Að lokum kunna áætlanir í fólksflutningum til skamms tíma vegna langvarandi eða áframhaldandi þarfa að vera vandræðamál úr því að allir aðilar hafa áhuga á að halda starfsráðningarsambandinu til haga.

... og í hinum kaflanum er kynnt nýtt sjónarhorn á það að fólk fari aftur heim

Hvert er umfang og eðli þess að fólk flytji aftur heim? Hvaða innflytjendur eru líklegri til að flytja aftur heim? Af hverju setjast sumir farandverkamenn að í gistiríkinu en aðrir kjósa að dvelja aðeins skamma hríð? Hvaða hlutverk ætti innflytjendastefna að leika í þessu tilliti? Er hægt að hafa stjórn á því hvort fólk flytji aftur heim? Að lokum, hver eru áhrifin af því á efnahagsþróun í heimaríkinu? Í þessum kafla er leitast við að finna einhver svör við þessum spurningum. Fyrsta uppgötvunin er að það að fólk flytji aftur heim er gríðarstór þáttur í aðflutningum fólks. Það að fólk flytji aftur heim stafar fyrst og fremst af neyðinni í lífsferlinu. Aðlögun í gistiríkinu einkennist af þeirri vafasömu tilhneigingu að snúa aftur heim. Farandverkamenn skipuleggja ferli flutninganna og það að flytja aftur heim í ljósi einstaklings- og fjölskylduhagsmuna sinna en þeir taka líka mið af tækifærunum í heimaríkjunum. Í þessu samhengi er áriðandi fyrir farandverkamenn að nýta sér allar mögulegar leiðir til að stuðla að þróun síns eigin heimaríkis án þess að gera það endilega að skilyrði að flytja aftur heim. Það getur líka stuðlað að missi hæfni og tækni að taka upp brottflutninga í gegnum það að flytja aftur heim, annaðhvort í sýnd eða til skamms tíma. Það styrkir tengslin við heimaríkið og auðveldar sumum aðlögun upp á nýtt ef þeir flytja aftur heim. Fólksflutningar aftur heim geta á þann hátt stutt við þróunarferlið, ef ekki bara verið upphafið að því.

Graf III.6. Hlutfall innflytjenda sem fara ekki aftur eftir þriggja og fimm ára dvöl í úrtaki meða Evrópuþjóða (íbúar 15 ára og eldri) (í %)



Alla útgáfuna má nálgast á www.oecd.org/els/migration/imo

This summary contains **StatLinks**, a service that delivers Excel™ files from the printed page!

© OECD 2008

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

